

Hvers vegna skrifa rithöfundar?

*Skrif eru hugsun sem verður til
meðan þú skrifar SP*



© Gunnar Hersveinn, 2019

© Sigurlín Bjarney Gísladóttir, 2019

ZHI BU ZHi í kínverskri heimspeki merkir að vita það sem ekki er vitað, það er leyndardómurinn - og þörfin hjá rithöfundum er að skrifa sig inn í hann. Þekking er áunnin en skilningur er innsæi. Við búum yfir þekkingu en vitum fátt, það er innsæið, þörfin og áhuginn sem knýr okkur áfram. Verkefnið er að skrifa sig í áttina að áfangastað, stundum má engan tíma missa, því stundaglasíð gæti tæmst áður en hugljómun verður, áður en skáldagyðjan opnar dyrnar. Rithöfundurinn stígur inn og vill bera hið hulda út í birtuna til að sýna öðrum - eitthvað sem enginn hefur séð áður.

Leyndardómurinn verður þó alltaf hulinn og aðeins orðspor hans hefur borist okkur til eyrna en listagyðjurnar níu auk Saffó frá Lesbos geta lýst upp leiðina. Verkefnið alla daga er að ganga veginn jafnvel þótt augljóst sé að enginn komist alla leið, ekki fremur en steinn Sisyfusar gæti nokkurn tíma numið staðar á toppi fjallsins. Ef til vill hefur ljósbrot af leyndardóminum vitjað einhvers í draumi og vakið þrá til að skrifa sig út úr völundarhúsi skipulagsins.

Eitt er víst, að rithöfundurinn þarf alltaf hjálp frá lesandanum, án hans reikar hann um í myrkri. Skriftirnar eru gjöf til lesandans því höfundurinn skrifar ekki fyrir sjálfan sig.

Efnið „Hvers vegna ég skrifa“ vekur m.a. vangaveltur um sannleika, undrun og hugsjónir. Að skrifa er athöfn þar sem rithöfundur gefur sér tíma til að koma hugsunum sínum, tilfinningum og aðstæðum á blað, formar efnið, brýtur það til mergjar, skapar myndir eða hugrif, velur og hafnar orðum og fær óvænta hugljómun.

George Orwell sagðist t.d. greina fjórar driffjaðrir sem knúðu hann til að skrifa: einskær egóismi, fagurfræðilegur eldmóður, söguleg hvöt og pólitískur tilgangur. Hann sagðist oftast taka upp pennann þegar hann skynjaði óréttlæti og fyndi til samstöðu.

„Hvers vegna skrifa rithöfundar?“ er heimspekileg spurning og spennandi efni til að takast á við því það opnar víddir inn í marga heima. Sigurlín Bjarney Gísladóttir og Gunnar Hersveinn rithöfundar skrifuðust á í nóvember 2019 í leit að svörum og fluttu hugleiðingar

sínar 20. nóvember kl. 20 í Gerðubergi hjá
Borgarbókasafninu og leyfðu gestum að taka
þátt í umræðunni.

Hér birtast sendibréf Gunnars og Bjarneyjar,
umræðuspurningar og samantekt úr umræðum.

Reykjavík, 2.nóvember 2019

Kæri Gunnar,

Takk fyrir spurninguna og takk fyrir að bjóða mér að svara henni á bréfaformi. Undanfarna daga hefur spurningin dvalið með mér, gerjast og hrært í dulvitundinni: Hvers vegna skrifa ég? Svarið gæti verið þetta: Ég skrifa vegna þess að ég les. Ég skrifa vegna þess að ég leita.

Stephen King talar í bók sinni On Writing um telepatíu þegar kemur að skrifum. Ein manneskja situr og skrifar sögu á blað, seinna, á öðrum tímamarki og á öðrum stað mun önnur manneskja lesa textann og reyna að skilja hann, textinn þarf að ferðast í tíma og rúmi, frá einum huga til annars. Textinn er staðurinn þar sem tveir hugar (höfundar og lesanda) mætast.

Ég skrifa vegna þess að þar fær eitthvað frumstætt útrás og í skrifunum kemst ég aftur í barnslega leikinn. Öll skrif eru óvissuferð, meira að segja þetta bréf er óvissuferð. Ég skrifa til að skilja, skrifa mig að hlutum en líka frá hlutum. Ég skrifa vegna þess að það er hreinsandi. Ég skrifa vegna þess að það kemur mér í dularfullt

samband við eitthvað æðra sem við getum kallað skáldskapargyðjuna.

Svo skrifa ég líka að hluta til af hégómaskap, ég vil ekki gangast við því en held ég verði að gera það samt. Hégómi minn held ég birtist í ósk um athygli, ósk um viðurkenningu, þörfinni fyrir klapp á bakið. En þegar klappið kemur þá verð ég vandræðaleg og vil fela mig undir sæng. Ég held það sé best að halda egói og væntingum úti og leyfa textanum að vaxa og þróast á eigin forsendum.

Ég skrifa til að muna, skrifa til að gleyma, til að anda, til að lifa. Ég skrifa vegna þess að í skrifum mætast hið röklega og óröklega, skipulag og óreiða. Í skrifunum upplifi ég töfra og þegar ég verð gagntekin af þessum töfrum verð ég smám saman háð þeim.

Oft spyr ég mig: Hvers vegna skrifa ég ljóð? Ég veit það í rauninni ekki, allar tillögur að svari eru misgóðar ágiskanir. Kannski skrifa ég ljóð því þar er mesta frelsið, af því að ljóðið lúrir á mörkum tónlistar og myndlistar og þarf ekki að lúta röklegu samhengi frekar en það vill. Í einni bókinni minni skrifaði ég: „Hver sá sem lendir

af þunga í ljóðum verður aldrei samur. Það er engin leið til baka.“

Nú langar mig að vita Gunnar, hvers vegna skrifar þú?

Með kærri kveðju,

Bjarney

4. nóvember

Kæra Bjarney

Kærar þakkir fyrir bréfið um verkefnið sem við höfum sett okkur að skrifa um: hvers vegna við skrifum. Ég gæti sennilega ekki fundið nein svör með öðru móti en að skrifa. Þannig að eina leiðin fyrir mig til að svara spurningunni Hvers vegna ég skrifa? er að skrifa þangað til ég skil svarið og get miðlað því til annarra. (Eina leiðin fyrir mig til að muna drauma er reyndar sú sama: að skrifa þá niður. Ég skrifa þá kannski til að muna? Ég skil þó ekki þessa drauma. Oftast skrifa ég þó sennilega til að skilja.)

Takk fyrir að hugsa um þetta og byrja að hugleiða efnið. Mér finnst mjög gott að lesa þetta og margt sem mig langar að ræða fljótlega.

Hvers vegna ég skrifa

Hugur minn breytist í völundarhús þegar ég hugsa um þetta. Ég legg af stað eftir að hafa fundið þörfina, ég legg af stað til að missa ekki þráðinn. Ég mun vonandi henda reiður á svári en fyrst birtist þetta í óreiðuhugsun.

Óneitanlega er hvöt til staðar. Hún getur verið sjálfselek ef orðin eiga að lýsa eigin gleði eða ást. Hvöt til að skapa eitthvað varanlegt - þótt líkurnar á því séu litlar. Jafnvel í þeirri viðleitni stendur þó löngunin til að gefa að baki - löngun til að miðla, heilla aðra, jafnvel vinna ástir.

Að skrifa er, að mínu mati, athöfn þar sem rithöfundur gefur sér tíma til að koma hugsunum sínum, tilfinningum og aðstæðum á blað, formar efnið, brýtur það til mergjar, skapar myndir eða hugrif, velur og hafnar orðum og fær óvænta hugljómun. Að skrifa er vinna sem krefst innblásturs, einbeitingar og hæfni.

Að skrifa er að hugsa, finna til, mynda sér skoðun og tjá sig með þeim orðum sem tungumálið býður upp á og þegar best lætur að skapa ný orð og gefa orðum nýja merkingu í öðru samhengi. Ef ég fæ hugljómun þá skrifa ég. Lífið er gjöf til mín frá tímanum og sennilega langar mig til að gefa eitthvað til baka. Eða hvað erum við að gera á þessari jörð yfirleitt?

Hvernig vissi ég að skriftir væru málið, en ekki dans, tónlist, myndlist? Ég vissi það ekki fyrr en á reyndi, fyrr en ég fann knýjandi þörf til að tjá mig, tjá löngun mína til að gefa öðrum gjöf sem myndi hrífa þá. Ég hreifst, undraðist, gladdist, varð dapur, kenndi í brjósti um, þótti vænt um, skynjaði lotningu, hugur minn lyftist og ljómaði og hönd mín skrifaði. Ég býst við að maður átti sig á því síðar að þetta var líka löngun til að njóta virðingar og aðdáunnar annarra.

Ég naut þess að vinna með orð, ég lærði að ef ég sinnti texta eða ljóði af alúð að þá fyllti það mig gleði, jafnvel þótt þau væru dapurleg. Ég lá í orðabókum af hvers konar tagi og samdi ljóð, stundum tálgaði ég þau svo skart að ekkert varð eftir.

Ég skrifaði til að skilja sjálfan mig og aðra. Ég hlustaði á aðra en til að mynda mér skoðun sem var mín eigin varð ég að skrifa: hugsa, lesa, skrifa. Af þessu skrifuðu tel ég að skriftir séu vettvangur þar sem ég finn kraft, næði og tækifæri til að setja fram efni sem ég hef talið mér trú um að ég sé höfundurinn að.

Ef til vill er það ævinlega einhver samlíðun sem knýr mig til að skrifa. Ég skrifa til að berjast gegn misrétti og óréttlæti, til að miðla hugsjón, eða til að greina og afhjúpa orðræðu og myndmál, til að mæla með lífinu, jörðinni, náttúrunni andspænis dauða og eyðileggingu, stundum til að leita að sjálfum mér, guði og greinarmun á réttu og röngu, til að lýsa, skilja og breyta og til að skapa.

Að skrifa er að nálgast leyndardóm og stíga inn í hann, ef til vill er það vitundin um leyndardóminn sem knýr rithöfund áfram. Hvernig skrifar maður um leyndardóminn? Það gæti verið ljóð, það gæti verið eitt orð eða setning, einhver stök eining, það gæti verið myndlíking eða án lýsingarorðar, það gæti verið skáldskapur eða vísindagrein eða blanda af

Þessu tvennu. En sá sem grípur pennann þarf að skrifa.

Ég get líka skrifað texta til að vara við. Tveir af mínum eftirlætishöfundum Hannah Arendt og George Orwell skrifuðu bæði af ástríðu til að afhjúpa, greina og vara við alræðishyggju. Þau upplifðu bæði á eigin skinni uppgang fasisma og alræðishyggju nasismans. Í augun þeirra var rithöfundur óhjákvæmilega pólítískur en mátti aldrei vera bundinn bannhelgi. Þau sjálf vönduðu sig og það sem þau skrifuðu skipti máli.

Ég skrifa af ást til tungumálsins og til að kanna leyndardóma þess. Tungumál er ótæmandi brunnur en dásemdum þess er aðeins lýst með orðum. Eftir að hafa fundið þörfina þá þarfnadist ég orða til að tjá mig og hrífa aðra.

Ég læt þetta nægja að sinni Bjarney, þetta er allt í belg og biðu og vonandi get ég endurraðað þessu, strokað út, endurhugað og endurskrifað þetta (grín) og umfram allt bætt við.

Ég er spenntur að fá annað bréf frá þér. Hvernig skrifar maður til að gleyma? Ég hef aldrei lesið um það. Ég myndi líka vilja heyra meira um

töfrana en eins og þú segir skrif eru óvissuferð,
þannig að ég veit ekki hvort þú skrifar meira
um það.

Með bestu kveðjum

Gunnar

Reykjavík, 9. nóvember 2019

Kæri Gunnar

Þakka þér kærlega fyrir bréfið. Það vakti upp
vangaveltur og hugrenningatengsl. Mér fannst
þú vera að lýsa kraftinum sem liggur í
tjáningarþörfinni, þessum þrýstingi (sem getur
stundum verið óbærilegur) til að tjá hugsun,
greina og skilja. Hjó eftir orðunum að liggja í
orðabókum, þar er svo gaman að svamla um og
fá hugmyndir. Mig grunar að fáir viti hve mikla
hugljómun er hægt að fá úr orðabókum.

Ég hef fengið mikla hvatningu til að skrifa niður
undarlegu næturdraumana mína en hef ekki
komið því í verk, gaman að heyra að þú festir
þessa furður á blað. Oft skrifa ég niður til að

muna en um leið fæ ég leyfi til að gleyma, ég skal útskýra þetta betur: stundum er hugurinn að pota í mig um að skrifa eitthvað niður sem ég má alls ekki gleyma og að oftast læt ég undan þrýstingi, skrifa niður og fæ þá frið. Í kjölfarið gleymi ég oft (það veltur auðvitað á efninu) því sem ég skrifaði og þannig hafa skrifin losað mig undan ágengri rödd sem segir mér að skrifa.

Við notum tungumál sem eitt og sér er leikvöllur en líka kerfi fullt af kóðum. Stundum finnst mér tungumálið eins og lífvera sem breytist og þróast og hreyfist, svona eins og stór marglytta í sjónum. Ég hef verið að taka eftir því hvað stór hluti af lífinu er án og handan tungumálsins. Dans og tónlist eru oftast án orða. Ég held að áföll séu handan tungumálsins og líka ást, fæðing og dauði og skynjanir og tilfinningar. Það er svo margt sem er erfitt að koma orðum að, ekki hægt að lýsa. Samt brjótumst við um og reynum að þrýsta þessu öllu inn í tungumálið, útskýra, setja í orð. Kannski erum við að skrifa til að tengjast, ná tengingu við okkur sjálf og aðra og líka eitthvað æðra. Tengja hið órökræna við hið rökræna, kannski.

Það er samt ekki eins og ég gangi alla daga undir skrif-þrýstingi, stundum koma dagar og jafnvel margir í röð þar sem ég finn litla þörf til að skrifa. Og þá skrifa ég lítið sem ekkert. Svo koma aðrir dagar sem ég skrifa mikið. Ég þarf oft að gíra mig upp í ákveðið hugarástand til að geta skrifað. Hvernig er þetta hjá þér? Skrifar þú á hverjum degi? Mig langar að enda bréfið á tilvitnun úr sænsku bókinni Allt er ást eftir Kristian Lundberg (þýðing Þórdísar Gísladóttur) því þar er svo krassandi slagkraftur:

Ég skrifa. Sá sem skrifar ferðast á milli pólanna tveggja, sjálfsaga og brjálæðis. Get ég sagt að þetta sé haminn tryllingur? Er slíkt hugtak til? Það er það sem brýtur sér leið í gegnum mig, frá innsta kjarnanum í hausnum og út í gegnum höndina og niður á einmitt þetta blað sem liggur fyrir framan mig. Að neyða heiminn inn í kerfi, afkóða mynstur hans. Haminn tryllingur. Að vera til. (Allt er ást eftir Kristian Lundberg, bls. 51.)

Bestu kveðjur,

Bjarney

Reykjavík, 11. nóvember 2019

Kæra Bjarney

Það var gaman að fá annað bréf frá þér. Á meðan ég beið eftir því hafði ég hugsað mér að skrifa um eitt og annað til að svara spurningunni. Svo kom bréfið og þá var ég að ljúka við að lesa bók sem hélt mér hugföngnum. Ég undraðist við lesturinn, fann til og svo vaknaði knýjandi þörf til að skrifa um bókina. Þörfin var það sterk að ég vissi að ég kæmist ekki undan þessu verkefni. Ég las hvert orð í bókinni, innganginn tvisvar og eftirmálann líka og sumt í bókinni oftar en einu sinni. Það var eitthvað óumræðanlega fallett við frásögnina þótt hún væri um stríð, dauða, eyðileggingu og illsku, því hún var líka um vináttu, hjálpsemi, kærleika og hugrekki, og þótt vettvangur atburða væri á sögulegum stað.

Efnið er m.ö.o. víðkunnugt og fjallar um líf gyðinga og uppreisnir í Varsjá í Póllandi og Varsjárgettóinu 1939-1945. Margar bækur eru til um þetta efni en Alina Margolis-Edelman segir sögur úr lífi sínu þegar hún var 17-23 ára í bókinni *Uns yfir lýkur*. Ég fann sterka þörf til að

skrifa til að þakka fyrir bókina og vekja athygli á henni, því hún er mannbætandi og hvetur lesendur til góðra verka. Ég vona að þú lesir þessa bók.

Ég fór að hugsa út frá okkar verkefni, hvers vegna skrifar Alina þessa bók? Hvað knúði hana til þess? Ég er sammála því sem Markus Meckl segir í athugasemd: „Hún segir frá til að bjarga hversdagslegum atvikum úr veröld gettósins frá gleymsku.“ Alina skrifar til að varðveita og hún skrifar líka til að minnst og gefa dánnum börnum sem hún þekkti rödd og fallegan vitnisburð. Ég býst ekki við að öðlast reynslu sem jafnast á við reynslu Alinu, né gæti hugrekki mitt jafnast á við hennar en ég get skrifað um bók Alinu til að flytja boðskap hennar áfram, til að enginn gleymi, til að fólk vaki á verðinum gagnvart hættulegum öflum og til að það rækti mannúð í hjarta sínu.

Mig langar til að nefna eitt til viðbótar. Persóna í bókinni leitaði á hug minn eftir lesturinn og mig langaði til að minnst hennar í umsögn minni en þá mundi ég ekkert eftir hvar hana væri að finna í bókinni og þurfti að leita og lesa til að

finna á hana á ný. Ég leitaði og á tímabili óttaðist ég að saga hennar hefði þurrkast út, hún myndi deyja eftir fyrsta lestur. Hvað hét hún, hvers vegna hafði hún ástríðu fyrir bókum?

Svo fann ég kaflann um hana Klöru. Alina lýsir útliti hennar nákvæmlega og að nef hennar hafi verið framstætt og brotið um miðbikið. Klara var öðruvísi en aðrir í grunnskólanum fyrir stríð. Hún var ávallt með bók í hönd. „Á hverjum degi fékk hún lánaða bók á skólabókasafninu í frímínútunum og þegar hún hélt heim úr skólanum gekk hún um göturnar og las.“ Bókasafnsvörðurinn vildi ekki lána henni fleiri bækur en Klara fékk þá bókasafnskort á öðru bókasafni og hélt lestrinum áfram. Hún las jafnvel Marcel Proust sem og aðra höfunda sem fundust á söfnum. Hún varð að lesa, kannski var það eina leiðin fyrir hana til að lifa dagana af. Ég hugsa að ég myndi líka velja lestur ef veröldin myndi snúast gegn mér.

Alina missti sjónar af Klöru en hitti hana aftur áður en yfir lauk í stríðinu og minntist hennar í sinni eigin bók af þeim sökum. Hún kom auga á

Klöru upp við húsvegg í gettóinu. „Í hnipri upp við húsvegginn hélt hún fast utan um bók.“ Hún skalf af kulda og Alina gaf henni hlýju yfirhöfnina sína og breiddi yfir hana og fór að ná í heitt vatn handa henni en ekkert matarkyns var til. Þegar hún kom aftur til að gefa Klöru vatnið var yfirhöfnin horfin og Klara dain. Alin beygði sig yfir hana, hún hélt fast með horuðum og stífum handleggjum utan um bókina. Þetta var Ilíonskviða Hómers, elstu bókmenntir Forngríkkja. Ilíonskviða er líka um stríð.

Finnst þér þetta ekki harmrænt og fallett? Alina skrifar sannar sögur en hún er búin að móta þær og meitla með því að segja þær öðrum í áratugi áður en hún festi þær á blað. Bjarney, þú segir í fyrsta bréfinu þínu að þú skrifir m.a. vegna þess að þú lesir. Ég fann þörf til að skrifa þegar ég las bók Alinu, mér fannst það skipta máli og ég gat ekki annað en skrifað, kannski get ég skrifað í marga daga með orkunni sem þessi lestur gaf mér? Það er eins og þú segir, hugurinn potaði í mig til að skrifa þetta. Þegar ég skrifa á þennan hátt finnst mér ég vera að túlka verk annarra. Auðvitað er fallegast ef maður getur bætt einhverju við eða sett það í samhengi.

Ef til vill var hugur Alinu búinn að pota í hana í áratugi til að skrifa þessar minningar, bæði til að þær gleymdust ekki og líka til að létta á henni, því það var örugglega þungt að bera allar þessar sögur í minninu og hvergi annars staðar. Kannski gat hún þá sjálf farið að gleyma.

Þú skrifar um tungumálið í bréfinu þínu og það sem þú segir er örugglega rétt, orðin eru bara einn þáttur í öllu þessu samhengi, kannski ofmeta rithöfundar þau, því það er heill heimur handan tungumálsins. Sumir „tala“ með augunum, snertingu eða jafnvel með þögninni, svo eru það auðvitað öll hin magnþrungnu listform án orða.

Ég býst við að við reynum að útskýra of margt með orðum, við komum orðunum fyrir í bókum og svo verðum við að gera okkur allt hitt í hugarlund. Þess vegna verðum við að rækta ímyndunaraflið. Ég þarf að hugsa meira um þetta áður en ég skrifa meira. En ljóðin eru auðvitað engu lík með þögnum sínum og margslungnu merkingum. Segðu mér meira frá þeim Bjarney.

Þú spyrð mig hvernig skrifin gangi fyrir sig hjá mér. Ég var byrjaður að punkta eitthvað hjá mér um það og ætla að hugsa betur út í það. Mér finnst eins og ég sé búinn með plássið mitt í dag. Bókin hennar Alinu bara braust út og vildi endilega vera í þessu bréfi, ég gat ekki neitað henni um það, sjáum svo hvað gerist næst. Ég ætla að hugsa málið.

Með bestu kveðjum

Gunnar

P.S. Ég skal svo senda þér slóð á umsögn mína um bókina Uns yfir lýkur.

<https://stundin.is/blogg/lifsgildin/storfengleg-frasogn-an-landamaera/>

(P.P.S. Núna er ég sannfærður um að rithöfundar skrifa í tilraun sinni til að breyta heiminum, það er þáttur í ummyndum hvers tíðaranda, 24.11.19.)

(P.P.P.S. Ég veit núna að penninn minn er verkfæri sem getur opnað aðra heima fyrir mig, þaðan sem ég get gert breytingar á heiminum, 30.11.19)

13. nóvember 2019

Kæri Gunnar,

Þakka þér kærlega fyrir bréfið og upplýsingarnar um bókina. Mér fannst lýsingin þín á bókinni góð og greinilegt að textinn hefur hreyft við þér. Nú langar mig heldur betur að lesa þessa fallegu og mikilvægu bók Alinu Margolis-Edelmans. Ég held einmitt að lesturinn sé grunnurinn að skrifunum því ég efast um að manneskja sem hefur ekki gaman af lestri muni hafa gaman af skrifum, en kannski er það rangt hjá mér. Ég held að ég skrifi einmitt til að hreyfa við öðrum, blása vindi inn í staðnað loft o.s.frv. Og ég elska að lesa bækur sem hreyfa við mér. Ég man að Auður Ava talar oft um að rithöfundurinn skrifi því hann hafi þörf fyrir að taka til í heiminum.

Lýsingin þín á bókinni *Uns yfir lýkur* minnti mig á fræga bók Primo Levi frá 1947, *If this is a Man*. Hann skrifaði bókina stuttu eftir að hann slapp úr fangabúðum nasista og þessi bók breytti mér. Hann kemst svo ótrúlega nálægt mannssálinni, fegurðinni, vanmættinum og skelfingunni. Ég minnst þess að hafa heyrt að

Þegar hörmungar eins og nasisminn dýnja yfir þá fær fólk þörf til að tjá sig en óttast jafnframt að þeim verði ekki trúað. Reynslan er einstök og ekki til í orðum en hún þarf að komast inn á svið tungumálsins, skilaboðin þurfa að komast út. Á svipuðum tíma og ég las Primo Levi rataði líka til mín bókin *S. A Novel about the Balkans* eftir Slavenku Drakulic sem byggir á viðtölum við konur sem lentu í nauðgunarbúðum í balkanstríðinu. Sú bók minnti mig um margt á Primo Levi. Fyrst ætlaði ég ekki að lesa bókina því ég vildi ekki baða mig um of í hryllingi en þessi bók breytti mér líka og ég er þakklát fyrir að hafa fengið að verða fyrir djúpstæðum áhrifum. Og svo kallast þessar bækur líka á við bókina *Leitin að tilgangi lífsins* eftir Viktor E. Frankl sem ég la nýverið og veit að hefur hjálpað mörgum með sína lógóþerapíu.

Einu sinni velti ég því fyrir mér hvort bækur þyrftu endilega að vera með boðskap og þá átti ég það til að forðast slíkar bækur. En svo þegar ég hafði kynnst þannig bókum (og öðrum listaverkum) þá fann ég fyrir mikilvæginu og knýjandi þörfinni. Um leið elska ég bókmenntir sem eru ekki yfirlýsingaglaðar og lauma

boðskap eða gagnrýni inn í verkið. Ljóð sem bendir á fegurð í heiminum á nýstárlegan hátt getur hrint af stað innri flekaskilum í lesandanum og það má ekki vanmeta. Eina krafan sem ég geri er að textinn sé ekki endurtekning á frösum og hafi eitthvað nýtt að segja.

Ég get ekki haft bréfið langt að þessu sinni því ég á eftir að horfa á fréttaskýringarþáttinn um Samherja og Namibíuævintýri þeirra, náði ekki að horfa í gær og er svolítið úti á þekju. En að lokum langar mig að benda á húmorinn. Ég hef verið að átta mig á því hve göfugt listform húmorinn er. Á stundum eins og þessari þegar Þjóðin stendur agndofa frammi fyrir spillingu er mikilvægt að hafa snjalla skopmyndateiknara og grínista af öllum kynjum. Ég held að Spaugstofan hafi hjálpað okkur við að komast í gegnum hrunið og þegar mál eins og Klaustursmálið og núna Samherjamálið koma upp á yfirborðið þá spyr ég: „Hvar er Spaugstofan núna?“ Mér finnst að það ætti að vera hægt að kalla Spaugstofuna út í bráðatilfellum sem þessu. Húmorinn setur nefnilega hlutina í nýtt samhengi og hin háðska

gagnrýni getur verið bæði beitt og hreinsandi og hún losar um spennu. Ég er ekki að tala fyrir doða og flóttu heldur því að horfast í augu við hlutina eins og þeir eru og færa þá í spaugilegan búning til að sjá sorglegan fáránleika gráðugra manna. En núna er ég kannski komin út fyrir efnið. Það eru samt líka svæði þar sem húmorinn á ekki erindi, svæði eins og Auswitch og viðkvæm sorgarrými.

Að lokum dembi ég fram setningu sem ég hripaði hjá mér fyrir nokkru (kannski tengist þetta því af hverju ég skrifa): Ég vil vera spurningamerki frekar en upphrópunarmerki.

Með kærri kveðju,

Bjarney ??

16.11.19 (Dagur íslenskrar tungu)

Kæra Bjarney??

Takk fyrir bréfið þitt. Það er svo einkennilegt að í hvert skipti sem ég held að ég hafi svarað hvers vegna ég skrifa þá efast ég um svarið. Eitt svarið er: Ég skrifa til að rannsaka. Skriftir eru rannsóknaraðferð. Skáldsaga, og aðrar listir, er að mínu mati jafngild rannsókn á mannlegum veruleika eins og aðrar rannsóknir innan hug- og félagsvísinda. Það sem má alls ekki gera í þessari rannsóknarvinnu er að þykjast eða stytta sér leið. Rannsóknir eru a.m.k. einn farvegur skrifta, til að vita það sem ekki er vitað, til að skrifa um það sem er augljóst eða skrifa um það augljósa á óvenjulegan hátt - kannski.

Þú spyrd mig hvernig skrifin gangi fyrir sig hjá mér. Ég ætla að gera tilraun til að lýsa skrifunum í tengslum við bókina Gæfuspor - gildin í lífinu. Ég var útskrifaður úr hug- og félagsvísindum en vildi bara allrahelst skrifa og semja ljóð. Ég gerði það en með knýjandi þörf til að skrifa fór ég einnig að hugsa um gildi og hugtök siðfræðinnar. Það var einhver mælikvarði innra með mér sem hafnaði

dæmigerðum skrifum á heimspekilegan hátt. Ég var búinn að ákveða að birta aðeins setningar og skilgreiningar sem ég skyldi sjálfur og að ég gæti ekki fullyrt að ég skyldi þær sjálfur nema ég gæti sagt frá þeim á einfaldan og skiljanlegan hátt. Einnig beitti ég rakhníf Ockhams og skar burtu öll óþörf undirhugtök.

Ég þráði að vera höfundur sem legði eitthvað til en segði ekki bara það sem aðrir hefðu þegar sagt. Seinna sætti ég mig að: bara það að bæta einhverju við að það sem aðrir hefði sagt, væri einhvers virði. Ég skildi að jafnvel það var afrek. Ég leit á hugtökin sem ég skrifaði um sem lifandi efni sem gætu búið yfir leyndardómum, haft fljótandi eðli og gætu tekið breytingum. Það veitti mér gleði að kafa ofan í þau.

Sem ljóðskáld hafði ég tamið mér að lýsa tilfinningum í myndum, ég tjáði mig hreinlega í myndum, þessi háttur smitaðist inn í skrifin um gildin í lífinu. Sköpunargáfan blómstraði í þessum jarðvegi og mér tókst að lýsa inn í hugtökin á einhvern hátt sem ekki tíðkaðist. Ég heyrði ekki viðbrögð frá mörgum ljóðskáldum eða heimspekingum við skrifunum en gladdist

Þegar Jóhann Hjálmarsson ljóðskáld sá í gegnum mig og sagði: „Það er greinilegt að þú færð útrás fyrir ljóðagáfuna í skrifum þínum um siðfræðihugtökin.“

Ég skrifaði um 50 hugtök í þessari bók, um eitt í einu og af löngun til að skilja hvert og eitt þeirra. Ég spurði: Hvað er gjöf, vinátta, virðing, vani, ást, gleði, öfund, hatur, von, tíminn, traust, heiðarleiki, huggun?

Textinn um huggun átti sér sögu. Frænka mín missti manninn sinn á voveiflegan hátt og mig langaði til að gefa henni eitthvað. Hvað gat ég gefið? Svárið var texti sem væri tilraun til að hugga. Ég skrifaði, fann myndlíkingu og orð og smíðaði texta um sorg og huggun sem kannski var fimm línur. Hún sagðist hafa orðið hræð. Seinna samdi ég ljóð upp úr textanum um systur tvær, sem hétu Sorg og Huggun, sem ég birti, og loks samdi ég lengri prósa. Enn síðar stytta ég textann og birti í bókinni Gæfuspor, þá með áherslu á huggun. Ég veit að textinn þjónaði sínu hlutverki, kannski af því að hann var saminn af samkennd. Hér er tilvitnun: „Hvað svipti hina miklu sorg völdum?

*Það var vonin sem lá við akkeri í hjartanu,
trúin sem kom frá útréttum höndum
og kærleikurinn sem breiddi út vængina eins og
fugl að veita ungum sínum skjól."*

Textinn endaði svona: „Og ef tárin taka að streyma brýst fram sól á bláum himni - og býr til regnboga." Á þennan hátt tókst mér að leyfa ljóðskáldinu að semja texta fyrir heimspekinginn. (Samlíðunin með frænku minni og textinn um huggun varð uppspretta efnis í Gæfuspor). En ég skrifa ekki svona texta lengur, kannski vegna þess að ljóðskáldið hefur dofnað eða ekki fengið tíma, ég hugsa og skrifa á annan hátt núna. Sennilega gæti ég skrifað sögu um hvert hugtak í bókinni Gæfuspor, vegna þess að hver þeirra spratt af ástæðu og síðan lá rithöfundurinn yfir hverjum þeirra í heila viku þangað til hann varð ánægður. Prófaði orðin, færði til, henti, bætti við og allt það sem fylgir þessu striti. Ég fór með efnið í bókinni til Forlagsins og Jóhann Páll gaf hana út og Guðrún Sigfúsdóttir ritstýrði henni. Ég er þeim ævinlega þakklátur. Bókin hefur verið endurprentuð 9 sinnum og hefur verið í bókabúðum í 14 ár sem fremur sjaldgæft.

Ég er mjög spenntur að heyra frá þér um ljóðagerð þína. Í einu ljóði, Nokkur orð um fegurðina, stendur undir lokin:

*verum saman í brothættri nánd
göngumst við undrinu
skreytum herbergið
með nefjum okkar
rauðum og þrútnum*

Þetta er mjög fallegt og forvitnilegt, þetta er falleg ljóðabók með óræðum textum, og hún er líka sérstök, bókin Undrarými hefur það sem þarf. Í einu ljóði skrifar þú „Tíminn gefur allt og eyðir öllu“. Í þessum orðum gæti eitt svarið við spurningunni „Hvers vegna ég skrifa?“ verið falið, kannski og örugglega er það vegna dauðans, að skrifa eins og við ættum lífið að leysa áður en dauðinn tekur okkur. Ég hlustaði á Patti Smith um daginn lesa bókina sína Devotion þar sem hún veltir fyrir sér hvers vegna rithöfundar skrifa og hún segir og skrifar: „Okkur nægir ekki einfaldlega að lifa.“ Kannski vegna vitundarinnar um dauðann? Við skrifum og stundum listir og vísindi og fræði vegna þess að okkur nægir ekki að lifa, það er ekki fullnægjandi, eins undarlega og það

hljómar. Það er sennilega og vonandi fullnægjandi fyrir einsetufólkið sem yfirgefur mannlífið og íhugar aleitt í sambandi við guðina eða neindina, en það er ekki fullnægjandi fyrir þau sem hafa ræktað sköpunargáfunu og vilja hafa áhrif og þola ekki stöðnun. Einu sinni sá ég setningu sem ég samdi festa upp á vegg: “Að lifa er að breytast, að staðna er að deyja” eða eitthvað svoleiðis.

Ég gleymdi að segja þér áðan að ef skriftirnar ná tökum á mér og ég verð mjög spenntur, þá get ég ekki hætt fyrir en að minnsta kosti fyrstu drög eru í höfn. Ég verð mjög þreyttur á eftir, úrvinda á annan dag. Ég er sammála þeirri lýsingu að það er eins og það opnist einhver rás og það flæði úr henni þar til maður er þurrausinn. Mig minnir að ljóðskáld hafi sagt að þegar ljóðarásin opnist innra með því þá hefjist skriftir. Aðrir tala um að veiða orðin eða ljóðin, mér finnst það fallett.

Ég veit ég þarf að klára þetta bréf, enginn lifandi kemst undan baráttunni við tímann og hvað þá dauðann. Kannski skrifaði ég ekkert hér af því sem ég ætlaði að skrifa og ég reyni að hafa ekki

áhyggjur af því sem ég hefði getað skrifað en skrifaði ekki. Skrifin sjálf eru ófyrirséð að hluta, þess vegna heldur maður áfram.

En ég hef líka hugsað um hvernig ég skrifa. Ef til vill má greina nokkrar reglur eða einkenni á ritgerðum eða essajum sem ég hef skrifað þar, sem skáldskapur kemur ekki við sögu, ég ætla að gera tilraun til að telja þau upp. Ég er mjög hrifinn af einföldum reglum sem segja til um hvað má ekki, þær lýsa bannmörkum og allt annað er þá leyfilegt. Andin rithöfundur er frjáls en hann má til með að forðast hluti sem eru mannskemmandi, sem vinna gegn lífinu og standa með eyðileggingunni, hann má þó gjarnan koma sjálfum sér á óvart Það er a.m.k mitt manifesto.

1. Ekki öskra eða hrópa af vandlætingu í texta, ekki birta reiðilestur. (Það er algeng og hvítleið aðferð sem vekur aldrei málefnalega umræður.) Ég get jafnframt tekið hér undir setninguna þína um textaskrif: „Ég vil vera spurningarmerki frekar en upphrópunarmerki“.

2. Ekki ráðast á nafngreindar persónur, særið engan. (Gera frekar grein fyrir málefnum og skýra það.)
3. Ekki nota mælskulist, ekki þvæla og tengja saman óskylda hluti með skrautsýningum. (Þetta er það sem grefur undan lýðræði og frjálsri hugsun. Vera sanngjarn í dómum.)
4. Ekki fylla textann af hugtökum, það dregur úr skýrri hugsun. (Halda sig við hlutlægar staðreyndir, sannleika, veröldin hvílir á honum.)
5. Gefðu öðrum eitthvað með skrifunum, verndaðu gæðin og stattu með lífinu.

Til hamingju með Dag íslenskrar tungu, hlakka til að fá sendibréf frá þér,

kveðja Gunnar

19. nóvember 2019

Kæri Gunnar,

Bestu þakkir fyrir bréfið og til hamingju sömuleiðis með dag íslenskrar tungu.

Tungudagurinn fékk mig til að hugsa um orð sem hafa dottið í tísku eins og röskun og róf og úrbætur, þessi orð malla hjá mér og kannski er hægt að blanda þeim saman með því að segja að við erum öll á röskunarrófi og leitum úrbóta á því ástandi. Ég er reyndar ekki viss um að mér líki það hve mikið þessi orð eru notuð nú til dags en mig langar að ekki að tala um það meira. Takk fyrir lýsinguna á sköpunarferlinu þegar þú skrifaðir Gæfuspör - gildin í lífinu. Það er mikil gjöf að fá að hugga og hreyfa við öðrum, gára lífsvatnið örlítið í sjálfum sér og öðrum.

Það er merkilegt hvað flæðið í skrifunum er misjafnt, núna er ég lengi að búa til hverja setningu en svo get ég hrokkið í gírinn hvenær sem er. Þú spurðir um ljóðaskrifin og komst með dæmi úr nýjustu bókinni minni Undrarýminu. Það er misjafnt hvernig ljóð koma til mín, oft er einhver

hugmynd/afstaða/grunur eða tilfinning
mallandi í einhvern tíma og fær svo að komast
út í ljóðinu. Í ljóðinu sem þú nefndir hafði ég
setið með hóp af fólki þar sem þau tjáðu sig af
einlægni og djúpri visku og voru berskjölduð.
Ég upplifði svo mikla fegurð í þessari
viðkvæmni og vildi lyfta henni og snúa á hvolf
viðteknum hugmyndum um fegurð, styrk og
það að „gefast aldrei upp.“ Ég held ég sé oft
ekki mikið í rökhugsunarástandi þegar ljóðin
koma, oft skil ég þau ekki sjálf og svo er það líka
oft þannig að ég byrja með einhver orð eða
óljosa hugmynd og svo smellur það saman í
lokin, jafnvel eftir nokkur endurskrif.

Ég virðist ekki geta þvingað mig í ljóðaskrif,
þetta er meira eins og ástand sem hellist yfir
mig á óskilgreindum tímabilum. Núna hef ég
kannski hripað niður drög að einu ljóði á ca. 2-3
mánaða tímabili, til að gefa dæmi. Mig grunar
að grunnurinn að ljóðunum búi í því að hreyfa
líkamann, hreyfing virðist stundum vekja ljóðin
úr dvala. Tónlist og hreyfing (sem eru nota bene
fyrir utan eða handan tungumálsins) eru saman
að plotta ljóðarumsk. Kannski er það einmitt
málið (hér skrifa ég mig bókstaflega að

niðurstöðu): tónlist og hreyfing gára lífsvatnið mitt sem kveikir sköpunarástand.

Þetta eru háfleyg orð og það getur pirrað mig þegar ég verð vör við að skrifin séu sett á stall. Skrifin mega líka vera hversdagsleg iðja eins og hvað annað, ég borða og sef og lífsvatnið mitt gárást og ég skrifa ljóð, kannski er það ekkert merkilegra en hvað annað. Á sama tíma finnst mér það stórmerkilegt ferli að skrifa en ég er að uppgötva að skrifin tengjast oft aha-augnablikum þegar ég tengi saman óvænta hluti, hnoða saman orðum á nýjan hátt o.s.frv. Aha-augnablikin eru best í heimi, þau geta komið á undan skrifunum en líka á meðan þau fara fram. Skrifin geta líka framkallað aha-augnablik. Sigurður Pálsson segir í ljóðinu Hraðlest VI úr bókinni Ljóðorkusvið (2006):

*Að skrifa er að læra
að leggja teinana
undir hraðlestina
jafnharðan*

*Að skrifa er að læra
að rata og einkum þó
að læra að villast*

*Skrif eru ekki tjáning
á hugsun sem er til
fyrirfram*

*Skrif eru hugsun sem verður til
meðan þú skrifar*

*Að kvöldi leggstu til hvílu
í byggingu úr orðum*

*Gegnum þakið
blasir tunglið við
og stjörnurnar*

Þetta ljóð segir allt sem ég vildi segja um skrif og ég leita reglulega í þetta ljóð þegar ég þarf að útskýra skrifin. Textinn verður ekki til áður en maður skrifar heldur á meðan.

Sá eða sú sem skrifar þarf líka að vilja gefa af sér, deila með öðrum hugsun sinni og orðum.

Anne Lamotte lýsir þessari gjafmildi svo vel í stuttri sögu í bókinni sinni *Bird by Bird* (sem ég mæli auðvitað með). Ungur strákur var beðinn um að gefa blóð til að geta hjálpað bróður sínum sem var veikur. Foreldrar hans spyrja hvort hann sé til í það og hann biður um að fá að hugsa málið. Þau verða svolítið hissa en gefa honum umhugsunartíma en að lokum tilkynnir hann hátíðarlega að hann sé reiðubúinn að gefa blóð. Þegar nálinni er stungið í hann spyr hann: „Hvað er svo langt þangað til ég dey?“ Höfundar þurfa að hafa til að bera svona saklausa gjafmildi og kannski líka örlítið ungæðislegt kæruleysi.

Takk fyrir þetta fróðlega ferðalag um slóðir spurningamerkisins. Ef það eru einhver svör þá vona ég að þau séu mörg.

Kærar kveðjur,

Bjarney

21. nóvember

Kæra Bjarney

Takk fyrir bréfið og hugleiðingar þínar um hvers vegna þú skrifar. Ég tek undir að þetta var fróðlegt ferðalag um leyndardóma ritlistar. Það var sérlega gaman að hitta þig og flytja efnið með þér í heimspekikaffinu í Gerðubergi og leyfa gestum að taka þátt. Eins og við nefndum bæði þá er eins og hvert svar kalli á annað svar og það sannar líklega að spurningin er ættuð úr heimspeki.

Ég býst við að fleiri vilji nota umræðuspurningarnar okkar en þær virtust vekja gestina til umhugsunar og umræðu:

1. **Skrif.** Hvað fær þig til að skrifa? Skrifar þú dagbók, blogg, sögur o.s.frv? Hvar og hvernig skrifar þú? Hvaðan færðu innblástur? Er mikilvægt að skrifa? Ræðið og nefnið dæmi.

2. **Lestur.** Hvernig texta lestu? Nýtur þú þess að lesa? Hvers vegna velur þú að lesa? Hefur texti/bók breytt þér og/eða lífi þínu? Er mikilvægt að lesa? Ræðið og nefnið dæmi.

Okkar viðburður var í formi sendibréfa og mér fannst það viðeigandi út frá efninu. Sendibréf eru gjarnan geymd í nokkurn tíma sem betur fer og verða oft heimild fyrir rannsakendur. Ég myndi endilega vilja geyma þessi bréf því kannski öðlast þau einhvern tíma meira gildi eða gætu t.d. verið notuð í ritlistarnámi. Af þeim sökum langar mig til að biðja þig að skrifa lokabréf um hvað þér fannst bætast við út frá umræðum og samtali við gestina okkar. Það er eitt að skrifa, annað að flytja og þriðja að hefja umræður um efnið. En við getum varðveitt þetta. Vonandi tekur þú vel í það, ég skal svo skrifa örstuttan formála og þá er þetta allt komið saman í eina heild.

Ég vitnaði í gær í Jóhann Sigurjónsson skáld sem svaraði spurningunni á 19. öld:

„Dýpsta þráin í öllum skáldskap mínum er hin sama enn og þegar ég var barn – að móta í syngjandi málm tungunnar eitthvað af streymandi eilífð lífsins, í einfaldari og ef hægt er fegurri myndum.“

Ég vitnaði líka í Guðrúnu Baldvinsdóttur, bókmenntafræðing og verkefnastjóra þessa heimspekikaffis, sem skrifaði um bókina Etýður í Snjó eftir Yoko Tawada, sem hefur einstakt lag á að draga fram hvaða virkni býr í tungumálinu og þann menningarmun sem býr í hverju máli.

„... að baki hverju orði býr menning sem ekki er endilega hægt að snúa við með einföldum hætti.“
(bls. 9. TMM. 2.2019)

Kveðja Gunnar

22. nóvember

Kæri Gunnar,

Þakka þér kærlega fyrir ferðalagið. Það er alltaf skemmtilegt ástand að eiga annað hvort von á bréfi eða eiga eftir að skrifa bréf, en þetta er ástand sem forfeður okkar og formæður voru

stöðugt í, biðin eftir bréfi er í genum okkar flestra.

Ég er ennþá í skýjunum eftir heimspekikaffið. Það sem stendur upp úr eru umræðurnar sem fylgdu bréfalestinum okkar. Þetta form að leyfa fólki að spjalla um afmarkaðar spurningar í litlum hópum og leyfa síðan öllum að heyra hugleiðingar hvers hóps er ótrúlega gefandi og nærandi. Það var svo gaman að fá að heyra hvernig ólíkt fólk nálgast skrifin og hvaða bækur breyttu lífi þeirra.

Það kom í ljós að nokkrir skrifa fyrir skúffuna og það er mjög algengt. Það var líka talað um ástarbréf sem form til tjáskipta í nánum samböndum og að nota skrif til að takast á við kvíða og að skrifa þakkarlista. Nokkrir töluðu líka um að þeim fannst í byrjun að þau væru ekki mikið að skrifa en svo þegar þau skoðuðu það betur þá kom á daginn að þau voru sískrifandi yfir daginn á formi tölvupósta, skilaboða o.s.frv.

Mörg erum við stöðugt að senda skilaboð og kannski eru bækurnar sem við lesum líka ein tegund af skilaboðum, bara mun lengri. Ein

eldri kona talaði um að hún skrifar minningar sínar svo að yngri kynslóðin viti hvernig var að alast upp fyrir á tímum og hvernig lífið var. Mér finnst það einmitt svo magnað að sjá hvernig skrif og textar brúa kynslóðabilið og tengja saman ólíka tíma. Við höfum sagnfræðilegar heimildir um fortíðina en þar er líka heill heimur sem við höfum engan aðgang að og þar kemur skáldskapurinn inn og nær vonandi að fylla upp í mikilvægar eyður.

Margir nefndu bókina sem breytti þeim og það var gaman að fá að heyra um þær, bækur eins og Lífreglurnar fjórar (Don Miguel Ruiz), Ég lifi (Martin Gray), Educated (Tara Westwood) og Glæpur við fæðingu (Trevor Noah) og fleiri. Ég held það væri góð hugmynd að spyrja þjóðina þessarar sömu spurningar og fá langan lista yfir bækur sem breyta lífum.

Í lok kvöldsins kom eftirminnilegt augnablik þegar ung kona (Guðrún Baldvinsdóttir) þakkaði eldri konu (Ragnheiður Jónsdóttir) í salnum (þær höfðu væntanlega ekki hist til fjölda ára) fyrir að hafa kynnt sér fyrir bókum eins og Sölku Völku og Dagbók Önnu Frank

Þegar hún var sjálf krakki og búin að lesa allar bækurnar á skólabókasafninu. Þetta fallega augnablik setti tákirtlana af stað.

Að lokum langar mig að benda á þörfina sem við höfum fyrir samfélagið um skrif og bækur. Við elskum að lesa og skrifa í einrúmi en höfum líka þörf fyrir að ræða textana við aðra. Við höfum unun af því að hlusta saman á upplestur úr bókum því textinn er samskiptatæki og samfélag.


Takk enn og aftur fyrir mig!

Bestu kveðjur,

Bjarney



Gunnar Hersveinn
Gæfuspor – gildin í lífinu
Forlagið, 2016.



Sigurlín Bjarney
Undrarmíð.
Mál og Menning, 2019.

Þanki

Þessi texti var alfarið skrifaður og hugsaður í nóvember 2019 og sendibréfum var ekki breytt. Það reyndist rétt sem SP skrifar í ljóðinu sínu Hraðlest VI (2006) að skrif eru ekki tjáning á hugsun sem er til fyrirfram heldur eru skrif hugsun sem verður til meðan skrifað er. Það er undrið að okkar mati. Penninn er tákni fyrir skriftir sem opna heima þar sem rithöfundur getur af knýjandi þörf tekið þátt í sköpun. Ástæður og hlutverk eru svo af ólíkum toga. (Höfundar bréfanna áskilja sér rétt til að skipta um skoðun í desember og alla daga síðar). gh, 30.11.19.